

Ed.

178. Nefndarálit

[76. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá 2. minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.

Frv. felur í sér þau ákvæði, að frá næstu áramótum skuli skattur á benzíni hækkaður um 90 auro á lítra, svo að hann nemi samtals kr. 3.67 á lítra. Enn fremur, að hækkaður verði þungaskattur á dieselbifreiðum, og nemur sú hækkun samkvæmt því, er segir í greinargerð frv., um 30—35 af hundraði. Þessar nýju álögur munu m. a. hækka að miklum mun flutningskostnað með bifreiðum og auka dýrtíðarvöxtinn. Af umferðinni í landinu eru teknar með ýmsum hætti háar fjárhæðir í ríkissjóð. Þrátt fyrir það hefur nú verið fellt niður af fjárlögum 47 millj. kr. ríkisframlag til vegasjóðs, en þetta fé verður raunverulega notað til annarra útgjalda. Hinum nýju álögum, sem lögfesta á með þessu frv., er ætlað að vega á móti þessari skerðingu á tekjum til vegamála.

Þegar vegalögin, er nú gilda, voru sett fyrir tveimur árum, var gert um það samkomulag á Alþingi, að árlegt framlag úr ríkissjóði til vegamála skyldi eigi vera lægra en 47 millj. kr. Ákvæði vegáætlunar fyrir árin 1965—1968 eru í samræmi við það.

Þegar vegalögin voru til umræðu á Alþingi, sagði samgöngumálaráðherra m. a. þetta:

„Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkissjóðsframlag til veganna verði lækkað. Það er alveg útilokað. Þörfin fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þótt vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzínjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi.“

Þetta frv. og afgreiðsla fjárlaga sýnir, að þessu var ekki hægt að treysta. Við leggjum til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 14. des. 1965.

Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.